



3. fundur stjórnar Aftureldingar 26. apríl 2012

Fundur settur kl. 18:15 að Varmá.

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Guðjón Helgason, Gylfi Gíslason, Helga Jóhannesdóttir, Hekla Klemenzdóttir og Kristín Reynisdóttir. Ásmundur Pálsson boðaði forföll.

Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

1. Tungubakkar
2. Staða jafnréttisáætlunar.
3. Fjármál og staða deilda
4. Samningur við Mosfellsbæ
5. Húsnæðismál
6. Skipun í síðanefnd
7. Formannafundir
8. Önnur mál

1. Tungubakkar. Formaður sagði frá fundi sem fulltrúar úr aðalstjórn höfðu átt með fulltrúum knattspyrnudeildar síðastliðinn þriðjudag. Á þeim fundi var ákveðið að stofna sérstaka vallarnefnd vegna Tungubakka sem í sitja frá aðalstjórn Helga Jóhannesdóttir og Hekla Klemenzdóttir og frá knattspyrnudeild þeir Friðrik Gunnarsson og Snorri Gissurarson. Vallarnefnd sér m.a. um að gera starfslýsingar fyrir vallarstarfsmenn og lista upp þau verkefni sem þarf að sinna á Tungubökkum árið um kring.

2. Jafnréttisáætlun. Anna Sigríður sagði frá stöðu mála varðandi jafnréttisáætlun og þau markmið sem mæla átti á árinu 2011. Úrvinnsla upplýsinga varðandi fyrra markmiðið, að fjölga börnum af erlendum uppruna sem iðka íþróttir innan félagsins, er á lokastigi. Vegna mikils álags á framkvæmdastjóra félagsins hefur ekki fyrr en nýlega skapast svigrúm til að safna saman upplýsingum varðandi síðara markmiðið sem er að kanna hvort launajafnrétti ríki innan félagsins eins og samþykkt jafnréttisstefna segir til um að skuli ríkja. Formenn hafa allir fengið senda ósk um að skila inn upplýsingum fyrir 3. maí. Vonir standa til þess að ljúka megi úrvinnslu fyrir miðjan maí.

3. Fjármál og staða deilda. Framkvæmdastjóri tilkynnti að þriggja mánaða uppgjör yrði tilbúið í fyrstu viku maí. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna sem enn er tvísýn hjá nokkrum deildum. Fundað verður með stjórnnum þessara deilda og ráða um komandi helgi. Þá kynnti formaður erindi sem borist hafði til aðalstjórnar fyrr um daginn frá stjórn mfl. karla í handbolta varðandi rekstur flokksins. Aðalstjórn mun boða stjórn mfl. á fund til að ræða fjármál deildarinnar.

4. Samningur við Mosfellsbæ. Formaður dreifði samningi síðasta árs. Samninganefnd aðalstjórnar, sem í sitja Guðjón, Helga, Gylfi og Jóhann framkvæmdastjóri, mun hittast og fara yfir þróun síðustu ára í samningunum við Mosfellsbæ til þess m.a. að undirbyggja viðræður við bæjaryfirvöld vegna samnings 2013.

5. Húsnæðismál. Formaður upplýsti að ekki hefði unnist tími til að funda með þeim deildum sem eiga að fá inni í nýju viðbyggingunni. Fundað verður við fyrsta tækifæri.

6. Siðanefnd. Samþykkt að óska eftir því við þær Raket Heiðmarsdóttur og Ragnheiði Bragadóttur að þær sitji áfram í siðanefnd félagsins tilnefndar af aðalstjórn. Samkvæmt reglugerð um siðanefnd tilnefnir formannafundur þriðja fulltrúann.

7. Formannafundur. Næsti formannafundur veður haldinn fimmtudag 3. maí kl. 18 í stofu 6..

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:00. Næsti fundur verður haldinn 10. maí.

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari aðalstjórnar